

**206. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði fimmtudaginn 29. september 2016 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur J Skarphéðinsson, formaður, F lista  
Hilmar Þór Elefsen, varaformaður, S lista  
Nanna Árnadóttir, aðalmaður, S lista  
Brynja I. Hafsteinsdóttir, aðalmaður, D lista  
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar  
Andri Þór Andrésson, tæknifulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Andri Þór Andrésson, tæknifulltrúi.

**Fyrir var tekið:**

**1. 1609045 - Umsókn um lóð**

Umsókn um lóð frá Torfa Þórarinssyni fyrir lóðina Skútustígur 4 lögð fyrir nefndina.

Nefndin samþykkir að úthluta umsækjanda lóðinni að Skútustíg 4.

**2. 1609052 - Umhverfismál í Fjallabyggð**

Erindi frá íbúa í Ólafsfirði vegna umhverfismála.  
Nefndin þakkar góðar ábendingar. Tæknideild vinnur að málinu ásamt Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Vestra.

**3. 1510002 - veiðar í Hólsá**

Erindi frá því 8.10.2015 tekið fyrir hjá nefndinni á ný, í október á síðasta ári var lagt bann við veiðum í Hólsá á hrygningartíma bleikju.

Nefndin áréttar bann við veiðum í Hólsá á hrygningartíma og telur rétt að settar verði veiðireglur í ánni fyrir næsta veiðitímabil.

**4. 1609074 - Utanvegaakstur í Hólsdal**

Tæknideild Fjallabyggðar hafa borist ábendingar og myndir vegna utanvegaaksturs í Hólsdal sunnudaginn 11.september.

Nefndin felur tæknideild að kæra umrætt atvik til lögreglu.

**5. 1609076 - Umsókn um afnot af landi til beitar við Brimvelli Ólafsfirði.**

Umsókn frá Guðna Ólafssyni og Jóakim Ólafssyni um afnot af landi til beitar ofan við Brimvelli Ólafsfirði.

Tæknideild falið að skoða málið nánar.

**6. 1609086 - Breyting á Aðalskipulagi**

Breyta þarf Aðalskipulagi Fjallabyggðar vegna landfyllingar sem komin er við Bæjarbryggju (Hafnarbryggju). Einnig felur nefndin tæknideild að deiliskipuleggja lóðir á umræddri landfyllingu.

**7. 1609087 - Umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um byggingarleyfi vegna endurbyggingar eyðibýlis að Hreppsendaá, Lágheiði.

Nefndin samþykkir erindið.

**8. 1606070 - Umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna verndarsvæða í byggð**

Úthlutun styrks úr húsfriðunarsjóði vegna verndarsvæða í byggð lögð fyrir nefnd.

Nefndin fagnar styrkveitingunni.

**9. 1609075 - Rekstraryfirlit júlí 2016**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.**